

Akureyrarbær
Pétur Ingi Haraldsson

Reykjavík, 5. júlí 2024

Tilvísun: Akureyri202406055 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna Glerártorgs og nánasta umhverfis - VP6 og ÍB4

Akureyrarbær hefur, með erindi dags. 18. júní 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 17. maí 2024, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að marka stefnu um breytingu á landnotkun úr verslunar- og þjónustusvæði (VP6) og hluta íbúðarbyggðar (ÍB4) í miðsvæði (M) með heimildir fyrir 100-150 íbúðir.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar en bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar fyrir mótun tillögu:

- Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar, en Skipulagsstofnun bendir á að allar skipulagsáætlanir falla undir 1. mgr. 2 gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 óháð því hvort þær falla undir 1. viðauka laganna eða ekki. Því þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifum áætlana sbr. 6. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021 um viðfangsefni umhverfismatskýrslu áætlunar sbr. einnig gr. 5.4. í skipulagsreglugerð.
- Leita ætti umsagnar Vegagerðarinnar vegna staðsetningar svæðisins meðfram tengivegum Borgarbrautar og Þórunnarstrætis, og stofnvegarins Glerárgötu/Hörgárbraut.
- Einnig ætti að leita umsagnar heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.
- Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Guðjón Erlendsson

